

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Frá 1. september til 31. desember: stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd.
- b. Orðin „stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd“ í 3. tölul., er verður 4. tölul., falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 6. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru öll villt dýr friðuð nema annað sé tekið fram í lögnum. Með 3. tölul. 1. mgr. 17. gr. laganna er umhverfísráðherra m.a. veitt heimild til að leyfa veiðar á stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávellu og toppönd á tímabilinu 1. september til 31. mars ár hvert.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild til að leyfa veiðar á framangreindum tegundum verði þrengd og að einungis verði heimilt að leyfa veiðar á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.